

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

#### *Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga – Borgahella 29-33.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 11. október 2023 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Borgahellu 29-33.

Breytingin felur í sér að stærð lóðanna Borgahellu 29-33 breytist þar sem lóðamörk færast til vesturs og stærð lóða er jöfnuð. Innkeyrslur eru færðar til og sameinaðar að hluta. Nýtingarhlutfalli er breytt og verður 0,4-0,6.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga – Álfhella 6.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 11. október 2023 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, vegna Álfhellu 6.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður til vesturs og norðurs. Svæði ætlað bíla-stæðum á lóðinni er stækkað og þeim fjölgað. Innkeyrsla er færð til vesturs.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga – Álhella 6 og 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 4. október 2023 breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga, vegna Álhellu 6 og 8.

Breytingin felst í því að lóðirnar Álhella 6 og Álhella 8 verði sameinaðar. Byggingarreitur Álhellu 6 verði færður að og sameinaður byggingarreit Álhellu 8. Sameinuð lóð fær númerið 6. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,4 í 0,5.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 22. nóvember 2023.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anne Steinbrenner** verkefnastjóri.